




**v/Deiliskipulagsbreyting Drangsskarð 11,  
fundur skipulagsráðs 26. janúar 2021**

**Helstu atriði sem að við viljum taka fram máli okkar til stuðnings:**

1. Í grenndarkynningunni var einungis gerð athugasemd við fjölda íbúða en engin athugasemd gerð við hæðarkóða sem þá voru mun hærrí en nú er. Við höfum fallið frá fjölgun íbúða.
2. Ein af ástæðum okkar að sækja um þessar breytingar er að mjög stór hluti byggingarmagnsins er neðanjarðar og því nauðsynlegt að gera breytingar til að ná birtu inn íbúðir. Svarti krossinn sýnir þann hluta sem er neðanjarðar.



3. Þetta verða svansvottuð hús og við viljum leggja mikið upp úr umhverfisvænni hönnun. Það er t.d. augljóslega umhverfisvænna að hafa tvær hæðir undir einu og sama þaki frekar en eina.
4. Þar sem að við sækjum um að hafa öll húsin á tveimur hæðum og óbreytt byggingarmagn þá er nauðsynlegt að hafa það í huga að við það minnkar öll húsaþyrpingin í umfangi á lóðinni (Breidd og Lengd) þó svo að efsta brún nái að teygja sig upp fyrir hæðarkóta.
5. Lofthæð í húsunum er 2,6 m sem gerir að verkum að byggingarmagn í rúmmetrum á lóðinni verður í lágmarki.
6. Þó svo að neðsta húsið sé að hækka einna mest þá er það gríðarlega mikilvægt að efsta húsið er að minnka verulega í umfangi eins og sést á þessu sniði.



Virðingarfyllst  
Lóðarhafar